

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

**Leiðbeinandi tilmæli**  
**um hæfi lykilstarfsmanna**  
**nr. 3/2010**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

**5. október 2010**

## I. Inngangur

1: Með lögum nr. 75/2010, sem gengu í gildi 25. júní sl., var lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 breytt. Breytingarnar fólu meðal annars í sér ýmis nýmæli er varða lykilstarfsmenn fjármálafyrirtækja, einkum varðandi viðskipti fyrirtækjanna við þá, s.s. lánveitingar, starfslokasamninga og önnur kjör. Ekki hafa þó verið lögfest ákvæði er varða hæfi lykilstarfsmanna, hvorki í þessum lögum né öðrum er um fjármálastarfsemi gilda. Fjármálaeftirlitið telur þó nauðsynlegt að gætt sé að hæfi lykilstjórnenda jafnt og að hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Því gefur Fjármálaeftirlitið út þessi leiðbeinandi tilmæli um hæfi lykilstarfsmanna, með stoð í 2. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Tilmælunum er beint til allra eftirlitsskyldra aðila, sbr. 1. mgr. 2. gr. tilvitnaðra laga.<sup>1</sup>

2: Í sérlögum, sem eftirlitsskyldir aðilar starfa eftir, eru ákvæði um hæfi og óhæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, sem ráðinn er af stjórn. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn og ber ábyrgð á störfum þeirra. Fjármálaeftirlitið bendir á að hæfi og heilindi lykilstarfsmanna er einn af grundvallarþáttunum varðandi annars vegar rekstraráhættu eftirlitsskyldra aðila og hins vegar orðsporsáhættu þeirra. Þannig er hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna einn mikilvægasti grundvöllur heilbrigða og eðlilegra viðskiptahátta fjármálafyrirtækis og annarra fyrirtækja á fjármálamarkaði.

## II. Lykilstarfsmaður

3: Hugtakið lykilstarfsmaður hefur verið skilgreint í 8. tölulið 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki: *Lykilstarfsmaður: Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.*

4: Í lögnum eru jafnframt ákvæði sem takmarka eða skýra stöðu lykilstarfsmanna innan fjármálafyrirtækis, s.s. að fyrirtæki er óheimilt að veita lykilstarfsmanni lán, sem telst áhættuskuldbinding, nema gegn traustum tryggingum (29. gr. a), stjórn fjármálafyrirtækis skal setja reglur um viðskipti fyrirtækisins við lykilstarfsmenn (57. gr.) og aðeins er heimilt að gera starfslokasamninga við lykilstarfsmenn hafi hagnaður verið af starfsemi fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans (57. gr. b). Þá skal birta í ársreikningi upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna, ásamt upplýsingum um fjölda þeirra (87. gr.). Framangreindar skyldur fjármálafyrirtækja gagnvart lykilstarfsmönnum gera kröfu um að yfirstjórn skilgreini hvaða stjórnunarstörf teljist til lykilstarfa.

## III. Reglur um hæfi og hæfismat

5: Fjármálafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði (eftirlitsskyldum aðilum) ber því að setja sér reglur um hæfi lykilstjórnenda, sem verði birtar á heimasíðu hlutaðeigandi fyrirtækis. Eðlilegt þykir að við setningu slíkra reglna sé höfð hliðsjón af hæfisskilyrðum fyrir stjórn og framkvæmdastjóra, sem er að finna í þeim sérlögum sem hver aðili starfar eftir. Er hér bæði átt við hlutlæg og huglæg hæfisskilyrði.

6: Fjármálaeftirlitið telur það vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti að ávallt liggi fyrir hjá eftirlitsskyldum aðilum skrá yfir hverjir teljist til lykilstarfsmanna fyrirtækis, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljist til lykilstarfsmanna. Í þessu felist

<sup>1</sup> Leiðrétt lagatilvísun 14. desember 2010.

jafnframt að fyrir liggi innra mat framkvæmdastjóra og stjórnar á hæfi þeirra einstaklinga sem gegna lykilstörfum.

7: Nánar tiltekið beinir Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til allra eftirlitsskyldra aðila að þeir takist á hendur að skrá og meta lykilstarfsmenn og hæfi þeirra. Í því sambandi verði ferill viðkomandi kannaður og árangur hans í fyrri störfum. Höfð verði hliðsjón af hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu fjármálafyrirtækis vegna starfa hlutaðeigandi. Leiði slík könnun í ljós að vafi leiki á um að æskilegt sé að hlutaðeigandi gegni lykilstarfi, skuli séð til þess að hann gegni ekki áfram lykilstarfi í þágu fyrirtækisins.

#### IV. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins

8: Fjármálaeftirlitið mun fara yfir og veita endurgjöf á reglur þær sem eftirlitsskyldir aðilar setja sér í samræmi við tilmæli þessi.


9: Fjármálaeftirlitið mun kanna með reglulegum hætti skrá yfir lykilstarfsmenn, stöðu sem þeir gegna og hvernig reglunum sem settar verða í samræmi við tilmæli þessi er beitt af hálfu eftirlitsskyldra aðila.

10: Fjármálaeftirlitið mun, þegar við á, krefjast skilvirkra aðgerða til úrbóta af hálfu eftirlitsskyldra aðila í þeim tilgangi að minnka rekstrar- og orðsporsáhættu í rekstri þeirra vegna starfa lykilstarfsmanna.

Fjármálaeftirlitið mun birta tilmæli þessi á heimasíðu sinni í samræmi við 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Reykjavík, 5. október 2010

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Ragnar Hafliðason